

**Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs**  
**Föstudagur 9. október 2020.**



12. fundur stjórnar VG, fjarfundur.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.  
Ingibjörg Þórðardóttir ritaði fundargerð.

**Mætt eru:** Katrín Jakobsdóttir, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Rúnar Gíslason, Ragnar Auðun Árnason, Sóley Björk Stefánsdóttir, Berglind Häsler, Álfheiður Ingadóttir, Þóra Magnea Magnúsdóttir, Elva Hrönn Hjartardóttir, Andrés Skúlason, Bjarni Jónsson, Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasarson, Kolbeinn Óttarsson Proppé (fulltrúi þingflokks), Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm (fulltrúi UVG)

F.h. starfsmanna: Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lís Björnsdóttir, Bjarki Hjörleifsson og Lís Kristjánsdóttir

Fundur settur kl. 15.05.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt
2. Kosningabaráttan, upphaf og umfang.
  - a. Katrín fer yfir stöðuna. Við erum í betri stöðu en áður til að reka þessa kosningabaráttu. Ætlum að vinna með auglýsingastofunni Tvist. Finnst kominn tími á breytingar.
  - b. Rúnar og Björg Eva fara yfir frumfrumdrög að fjárhagsáætlun vegna kosninga 2021.
3. Framlög lögaðila.
  - a. Rúnar ræðir um hvort rétt sé að taka á móti styrkjum frá fyrirtækjum.
  - b. Margir fundarmenn tóku til máls og ræddu málið
  - c. Það vantar hnapp á styrktarmannakerfið á vg.is
4. Stórfundir og félagslíf.
  - a. Katrín fer yfir stöðuna. Við þurfum að reikna með fjarfundum fram á vorið.

- b. Þurfum að vera undirbúin undir að landsfundur 20.-21. mars verði rafrænn.
  - c. Ættum að skipuleggja hann sem tveggja daga fund frekar en þriggja.
  - d. Flokksráðsfundurinn 28.-29. jan. verður nær örugglega fjarfundur.
  - e. Álfheiður leggur til að við stöndum að málstofum á netinu, t.d. um orkuskipti, áherslur í loftslagsmálum og stjórnarskrána. Lykilatriði að svona fundir fjalli um sérstakt ákveðið fundarefni.
  - f. Katrín tekur undir með Álfheiði og vill að við prófum okkur áfram með þetta.
  - g. Björg Eva tekur undir með Álfheiði og segir félaga VG sem hafa óskað eftir slíkum málstofum. Þá hafi Ari Trausti þega haldið slíka fundi.
  - h. Berglind segir frá opnum rafrænum fundum sem haldnir voru í kosningabaráttunni í Múlaþingi sem reyndust góðir og vel sóttir.
  - i. Hugmynd frá Katrínu: Þingmaður situr fyrir svörum.
  - j. Töluverðar umræður um málið og margir fundarmenn tóku til máls.
  - k. Katrín felur framkvæmdastjóra og viðburðastjóra að útfæra.
5. Ársreikningur VG 2019.
- a. Björg Eva fer yfir reikningana.
6. Rafræn undirritun og birting styrkja yfir 200.000.
- a. Björg Eva ýtir á eftir stjórnarmönnum að samþykkja reikninginn rafrænt.
  - b. Katrín fer yfir það hve vont það sé að ekki séu til opinber rafræn skilríki.
7. Önnur mál.
- a. Hreindís þakkar fyrir sig, síðasti stjórnarfundur hennar.
8. Almennar stjórn málaumræður.
- a. Katrín fer yfir mál Egypsku fjölskyldunnar sem átti að vísa úr landi og segir leitt að þingmaður Rósa Björk Brynjólfsdóttir hafi yfirgefið okkur. Útlendingamálin eru vandmeðfarin, við erum með lagaumhverfi sem samþykkt var af öllum flokkum. Við erum að vinna í stefnu í málum fólks á flóttu og fólks í leit að alþjóðlegri vernd.
  - b. Margir fundarmenn tóku til máls um málefni fólks á flóttu og fólks í leit að alþjóðlegri vernd.

- c. Spurt var um niðurgreiðslu á sálfræðiþjónustu. Forgangsröð VG hefur verið að fjölga sálfræðinum innan heilsugæslunnar og í skólunum.
- d. Rætt var um þá hópa samfélagsins sem hafa lægstar tekjur. Katrín segir að hún telji að öryrkjar séu sá hópur sem þarf að setja í forgang.
- e. Sóttvarnarráðstafanir. Mummi bendir á að við þurfum að undirbúa okkur undir það að þetta Covid ástandi var a.m.k. fram á vo. Svandís er í stuttu leyfi vegna veikinda í fjölskyldunni. Mummi er starfandi heilbrigðisráðherra.
- f. Mummi fagnar árangri VG í nýliðnum kosningum í Múlaþingi. Fer svo yfir stöðuna í heilbrigðiskerfinu, fráflæðisvanda o. fl. Fer yfir stöðuna á hálendisþjóðgarði og loftslagsmálum.

Fundi slitið kl. 17.39.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 6. nóvember, kl. 15.00.